

**Í vinnslu**  
**Alþingi**  
**Erindi nr. P 139/2610**  
**komudagur 19.5. 2011**

## **Álit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, með síðari breytingum.

Frá þingskapanefnd.

Nefndin hefur að ósk allsherjarnefndar tekið fyrir á fundi sínum frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, með síðari breytingum (24. mál).

Þingskapanefnd tekur ekki undir efni frumvarpsins og eru fyrir því nokkrar ástæður, m.a. að það er í höndum kjararáðs að úrskurða um laun þingmanna og ráðherra. Þá hefur víðtæk samstaða verið meðal þingmanna um að viðurkenna með sérstökum álagsgreiðslum það álag sem fylgir formennsku í þingflokkum og nefndum.

Nefndin vinnur nú að endurskoðun þingskapa og falla ákvæði um þingfararkaup og þingfararkostnað undir störf nefndarinnar. Málið er því í vinnslu í þingskapanefnd og rétt að biða þess að hún ljúki störfum.

Alþingi, 19. maí 2011.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.  
Árni Þór Sigurðsson.  
Birgir Ármannsson.  
Gunnar Bragi Sveinsson.  
Ragnheiður E. Árnadóttir.  
Þuríður Backman.  
Birgitta Jónsdóttir.